

VIII. KAFLI.

Ýmis ákvæði.

27. gr.

Um skaðabótaskyldu vegna skemmda á höfninni, mannvirkjum hennar, tækjum og útbúnaði, fer eftir almennum reglum.

Ef samningum verður ekki við komið um skaðabætur, má ákveða þær af tveimur óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það, áður en einn mánuður er liðinn frá því, er matsgerð er lokið. Yfirmat skal framkvæmt af þremur óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmat greiðir sá, sem krafðist yfirmats, ef það gengur honum ekki í vil. Að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnaðinn.

28. gr.

Engum, sem bakað hefur sér refsingu eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglugerð þessari, heimilast að fara burt úr höfninni meðan mál hans er óútkljáð, nema hann setji tryggingu, sem hafnarnefnd tekur gilda.

29. gr.

Hverja þá skipun, sem samkvæmt þessari reglugerð heimilast að gefa forráðamönnum skips, skal gefa stýrimanni, ef skipstjóri er ekki á skipi og eigi heldur umboðsmaður hans samkvæmt 10. gr. Ef stýrimaður er fjarverandi má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina, og er það jafngilt því, sem skipstjóri hefði fengið skipunina sjálfur.

30. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 100 000.00 nema þyngri refsing liggí við samkvæmt almennum lögum. Sektirnar renna í hafnarsjóð.

31. gr.

Með mál út af reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnarlögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur niður hafnarreglugerð fyrir Grenivíkurhöfn, nr. 17 24. janúar 1969.

Samgönguráðuneytið, 7. mars 1978.

Halldór E. Sigurðsson.

Kristinn Gunnarsson.

G J A L D S K R Á

fyrir hafnarsjóð Grenivíkur í Suður-Þingeyjarsýslu.

I. KAFLI

um hafnargjöld í Grenivík.

1. gr.

Öll skip skulu greiða hafnargjöld til hafnarsjóðs, er þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar. Öll gjöld til hafnarinnar greiðast af brúttóstærð skipanna eins og hún er mest, meðan skipið hefur viðvöl í höfninni. Undanþegin greiðslu lestar-

gjalds eru herskip, varðskip og skip sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, svo og skip, sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

2. gr.

Lestargjöld.

- a. Öll farmskip, önnur en strandferðaskip, og öll fiskiskip, stærri en eða jafnt og 400 brúttórúmllestir skulu greiða lestargjald, kr. 15.60 á brúttórúmllest.
- b. Strandferðaskip og skemmtiferðaskip greiði kr. 7.80 á brúttórúmllest.
- c. Innland fiskiskip undir 400 brúttórúmllestum greiði kr. 15.60 á brúttórúmllest þó ekki oftár en tvisvar í mánuði.
- d. Bátar minni en 10 brúttórúmllestir greiði lestargjald einu sinni á ári kr. 1 040.00 á brúttórúmllest, þó aldrei minna en kr. 5 180.00.

Gjald dagi er 1. apríl eða eftir að skipið hefur verið gert út frá höfninni í þrjá mánuði.

Undanþegin greiðslu lestargjalds eru herskip, varðskip, og skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, svo og skip sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

3. gr.

Bryggjugjöld.

Öll skip sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skulu greiða kr. 7 80 á brúttórúmllest fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip greiða þetta gjald eigi oftár en 10 sinnum á mánuði, en bátar minni en 10 brúttórúmllestir greiða ekki bryggjugjöld.

Heimilt er að taka lesta og bryggjugjald af fiskiskipum minni en 400 brúttórúmllestir, sem árgjald í heimahöfn, kr. 840.00 af hverri brúttórúmllest.

Gjald dagi árgjalda er 1. apríl ár hvert.

Skip þau, er getur í síðustu mgr. 1. gr. eru undanþegin bryggjugjaldi.

4. gr.

Vörugjöld.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum, svo og skepnum, lifandi eða dauðum, sem skipað er út og upp á hafnarsvæðinu með þeim undantekningum, er síðar getur.

5. gr.

Fyrir vörur, sem samkvæmt farmskrá skips eru ákveðnar til umhleðslu og eiga því ekki að leggjast á land nema um stundarsakir, greiðist aðeins hálfvörugjald. Af vörum, sem settar eru á land og eiga að fara áfram með sama skipi, enda sé það ákveðið í farmskrá, greiðist ekkert vörugjald.

6. gr.

Þessar vörur eru algjörlega undanþegnar vörugjaldi:

- a. Umbúðir, sem endursendar eru, enda sé þess getið í farmskrá.
- b. Vistir og aðrar nauðsynjar til skipa og báta til eigin notkunar, sem fluttar eru úr landi. Ennfremur salt og ís, sem flutt er úr landi í íslensk skip til eigin notkunar.
- c. Bréfaþóstur og farangur ferðamanna.

7. gr.

Vörugjald skal reikna eftir máli eða þyngd með umbúðum. Brot úr gjald-einingu, sem nemur helmingi eða meira, telst heil gjaldeining.

Fara skal eftir farmskrá skipa við ákvörðun og útreikning vörugjalds. Skipstjóri er skyldur til að láta hafnarverði í té eftirrit af farmskrá skips síns. Sé engin farmskrá fyrir hendi skal skipstjóri gefa drengskaparvottorð um vörumagn, sem skip hans hefur fermt eða affermt. Þyki hafnarnefnd ástæða til, getur hún hvenær sem er látið ákveða vörumagnið á þann hátt, sem hún telur hentugast, svo sem vega afla á vog hafnarinnar gegn vigtargjaldi, sem hafnarnefnd ákveður. Reynist vörumagnið meira en upp var gefið, greiðir skipið kostnaðinn. Ef ýmsar vörutegundir eru í sömu vörusendingu og beri farmskrá ekki með sér greinilega sundurliðun í tegundir, skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund, sem hæst vörugjald ber.

8. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því, sem vörugjaldskrá segir til um og greiða gjald sem þar segir. Minnsta vörugjald skal vera 200.00.

Leiki vafi á því, í hvaða flokki skuli telja vöru, skal hafnarvörður skera úr um það, en úrskurði hans má áfrýja til hafnarnefndar.

9. gr.

Vörugjaldskrá.

1. fl.: Gjald kr. 284.00 fyrir hver 1000 kg.:

- Vara flutt í lausu máli í miklu magni, meira en 500 tonn í farmi, t. d. bensín, brennsluolíur, kol, korn, salt, vikur.
- Þungavarningur, sekkjavörur, óunnið járn og stál til iðnaðar eða mannvirkjagerðar, hráefni til iðnaðar, útgerðarvörur, smurningsolíur, sjávarafurðir, landbúnaðarafurðir og iðnaðarvörur til útflutnings.

2. fl.: Gjald kr. 600.00 fyrir hver 1000 kg.:

Iðnaðar- og byggingarvörur, unnar og hálfunnar, pökkuð og niðursoðin matvæli, ávextir, vefnaðarvörur, fatnaður.

3. fl.: Gjald kr. 1 660.00 fyrir hver 1000 kg.:

- Vélar og tæki hvers konar og varahlutir til þeirra, heimilisvélar og skrifstofuvélar, bifreiðar, bifhjól, reiðhjól, hjólbarðar, bátar, flugvélar, hreyflar, mælitæki, húsgögn, útvarps- og sjónvarpstæki, hljóðfæri, úr, klukkur, myndavélar, sjónaukar, glysvarningur alls konar, vín, tóbak, ilmvoð, snyrtivörur. Af flutningi vinnuvéla innanlands, skal veita allt að 50% afslátt.
- Vörur, sem ekki verða flokkaðar annars staðar eftir þyngd.

4. fl.: Gjald kr. 162.00 fyrir hvern rúmmetra:

Timbur og annað eftir rúmmáli.

5. fl.: Gjald 0.85%:

Sjávarafli lagður á land á hafnarsvæðinu til vinnslu eða brottflutnings. Gjaldið reiknast af heildarverðmæti aflans. Kaupanda aflans bera að afhenda til hafnarnefndar skýrslu um keyptan afla mánaðarlega, t. d. afriti af aflaskýrslu til Fiskifélags Íslands.

Aflagjaldið fellur í gjalddaga um leið og afla er landað. Kaupandi aflans innheimtir gjaldið hjá seljanda og er ábyrgur fyrir því til hafnarsjóðs þótt hann vanræki innheimtu þess. Standa ber skil á greiðslu aflagjalds eigi sjaldnar en mánaðarlega.

Lágmarksgjald í öllum flokkum er kr. 135.00.

10. gr.
Hafnsögugjald.

Öll erlend og innlend skip skulu skyld að greiða hafnsögugjald í hvert sinn, sem þau koma inn á innri höfnina, hvort sem þau nota hafnsögumann eða ekki. Þó skulu innlend fiskiskip, sem ekki eru skrásett á Grenivík og eru minni en 500 brúttórúmllestir að stærð, því aðeins greiða hafnsögugjald að þau njóti leiðsagnar hafnsögumanns. Sömu undanþágu njóta fiskiskip skráð á Grenivík.

11. gr.

Hafnsögugjald skal greiðast sem hér segir:

- a. Fyrir leiðsögn til hafnarinnar, að bólvirki eða lægi kr. 3 100.00 fyrir hvert skip, auk kr. 7.80 fyrir hverja brúttórúmllest. Fyrir leiðsögn frá bólvirki eða lægi og úr höfninni greiðist sama gjald.
- b. Fyrir leiðsögn um höfnina skal greiða hálf gald samkvæmt lið a.
- c. Auk þess skal hvert skip, sem fær hafnsögumann, greiða kr. 675.00 í hafnsögu-sjóð.

12. gr.

Ýmis gjöld til hafnarinnar.

Fyrir að leggja skipi eða báti í fjöru hafnarinnar til hreinsunar eða aðgerðar skal greiða kr. 300.00 af hverri brúttórúmllest skipsins eða bátsins fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, þó aldrei minna en kr. 300.00.

13. gr.

Fyrir að leggja vörur, sem affermdar eru, á land hafnarinnar, skal greiða kr. 7.00 fyrir hvern m² af landi því, sem varan liggur á fyrir hvern sólarhring, talið frá öðrum degi eftir að affermingu er lokið. Sama gjald skal greiða fyrir vörur, sem fluttar eru á land hafnarinnar og fara eiga í skip.

14. gr.

Fyrir lóðir hafnarinnar, geymsluhús og önnur mannvirki, sem eru leigð einstökum mönnum eða félögum um lengri tíma, skal greiða gjald, sem ákveðið verður með samningi.

Ársleiga fyrir bensíntanka, olíutanka og dælur á hafnarsvæðinu skal vera kr. 17 500.00 fyrir hvern. Gjald dagi er 1. apríl ár hvert.

15. gr.

Fyrir vatn til skipa greiðist kr. 150.00 fyrir hverja smálest, en minnsta gjald skal þó vera kr. 900.00. Skip, sem skrásett eru á Grenivík, eru undanþegin vatnsskatti.

16. gr.

Önnur þjónusta, sem höfnin kann að láta skipum eða öðrum aðilum í té og ekki er talin falla undir þau gjöld, sem hér eru að framan talin skal greiða samkvæmt reikningi frá hafnarnefnd.

II. KAFLI

Um innheimtu og greiðslu gjalda.

17. gr.

Hafnarnefnd sér um innheimtu hafnargjalda.

18. gr.

Skipstjóri, formaður eða eigandi ber ábyrgð á greiðslu hafnargjalda. Hafnarsjóður hefur haldsrétt í skipum, uns hafnargjöld eru greidd. Þegar gjalddagar eru ekki ákveðnir í reglugerð þessari, skal greiða gjöldin áður en skipið fer burt úr höfninni.

19. gr.

Leigugjald fyrir lóðir og geymsluhús hafnarinnar greiði móttakandi af vörum, sem fluttar eru úr húsum eða af lóð hafnarinnar.

Ef margir eiga vörur með sama skipi, skal afgreiðslumaður skipsins standa skil á greiðslu. Ef skip eða bátur hefur ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri, formaður eða eigandi ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað, greiðir sá vörugjaldið, sem affermir.

Vörugjald af vörum, sem koma til hafnarinnar, fellur í gjalddaga, þegar gengið hefur verið frá farmskrá. Vörugjald af vörum, sem fluttar eru frá bryggju að bólvirki, fellur í gjalddaga, þegar vörurnar eru komnar á skip.

Hafnarsjóður hefur haldsrétt í vörunum eða andvirði þeirra, uns gjaldið er greitt.

20. gr.

Gjald fyrir að nota krana, sporbrautir eða önnur tæki og áhöld greiðir sá, sem semur við hafnarnefnd um afnotin.

21. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki og hafa þau forgangsrétt sem önnur opinber gjöld, sbr. 83. gr. b. tölulið 3. skiptalaganna. Auk þess eru skipsgjöldin tryggð með lögveði í skipinu og gengur það veð í tvö ár fyrir sammingsveðskuldum.

Skipagjöld teljast í reglugerð þessari öll þau gjöld, sem skipi ber að greiða til hafnarinnar, svo sem lestargjald, bryggjugjald og hafnsögugjald, svo og hvers konar aðstoð, sem skipinu er látin í té af hafnarinnar hálfu.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 7. mars 1978.

Haldór E. Sigurðsson.

Kristinn Gunnarsson.

S A M Þ Y K K T

um sýsluvegasjóð í Mýrasýslu.

1. gr.

Í Mýrasýslu skal vera sýsluvegasjóður. Skal úr þeim sjóði greiða kostnað við viðhald og lagningu sýsluvega skv. 2. gr., í samræmi við staðfesta sýsluvegaáætlun, sbr. þó 52. gr. vegalaga nr. 6/1977.

2. gr.

Um töku vega í tölu sýsluvega fer eftir ákvæðum vegalaga hverju sinni. Sýsluvegir eru: